

Tillaga til þingsályktunar

um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Björk Guðjónsdóttir,
Einar Már Sigurðarson, Siv Friðleifsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja á stofn ráðgjafarstofu fyrirtækja. Markmið ráðgjafarstofunnar verði að aðstoða fyrirtæki sem eiga í greiðsluörðugleikum við endurskipulagningu rekstrar eða til að hætta rekstri.

Greinargerð.

Óveður ríkir nú í íslensku og alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Gjaldþrot Glitnis, Landsbankans og Kaupþings hafa orsakað geysilega erfiðleika bæði hjá íslenska ríkinu og í atvinnulífinu. Ljóst má vera að fjölmörg fyrirtæki eiga í miklum greiðsluerfiðleikum og eiga á hættu að verða gjaldþrota eða þurfa að hætta rekstri á næstu missirum. Árið 2008 urðu tæplega 728 fyrirtæki gjaldþrota og er gert ráð fyrir mikilli fjölgun gjaldþrota á þessu ári. Nýjustu tölur sýna 70% aukningu í janúar á þessu ári frá janúar í fyrra. Sérfræðingar virðast sammála um að fjöldi þeirra sem eiga núna í miklum erfiðleikum eða eiga eftir að lenda í ördugleikum á næstu vikum og mánuðum verði margfaldur á við venjulegt árferði. Því er mikilvægt að setja upp stuðningskerfi sem allra fyrst fyrir þessi fyrirtæki ef atvinnulífið á að eiga sér viðreisnarvon og til að forða almenningi frá fjöldaatvinnuleysi og félagslegum afleiðingum þess.

Ráðgjafarstofa fyrir fyrirtæki í greiðsluörðugleikum kæmi til með að gegna svipuðu hlutverki og ráðgjafarstofa fyrir heimilin. Hún mundi aðstoða eigendur og stjórnendur fyrirtækja við að yfirfara reksturinn, semja við lánardrottna og ráðleggja um áframhaldandi rekstur eða stöðvun. Hugmyndin er ekki ný af nálinni en á við hvort sem stormar geisa í efnahagslífinu eða þegar vel gengur. ESB setti fram þess háttar hugmyndir í verkefninu *Restructuring, Bankruptcy and a Fresh Start* árið 2002. Ef samfélög telja það þess virði að einstaklingar hefji rekstur fyrirtækja þarf að vera til stuðningskerfi til að takast á við rekstrarörðugleika og gjaldþrot fyrirtækja.

Mikilvægt er að ráðgjafarstofa starfi náið með öðru stuðningskerfi fyrir atvinnulífið og dómskerfinu. Tilvalið væri að ráðgjafarstofan starfaði náið með Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem þegar styður markvisst við frumkvöðla, lítil og meðalstór fyrirtæki. Stofan gæti leitt samvinnu endurskoðenda, fjármálastofnana, lögfræðinga, skiptastjóra, dómstóla, Ábyrgðasjóðs launa og ríkisskattstjóra til að hjálpa rekstraraðilum að komast út úr erfiðleikunum eða taka ákvörðun um rekstrarstöðvun. Stjórnendum yrði kennt hver viðvörunarmerkin væru, utanaðkomandi ráðgjöf kæmi að eins fljótt og hægt væri, og skýrar upplýsingar yrðu aðgengilegar um leiðir út úr erfiðleikum, svo sem almennt um endurskipulagningu rekstrar, greiðslu- stöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti.

Samfélagslegar afleiðingar af gjaldþroti fyrirtækja eru margvíslegar. Eigendur geta misst allt sitt, starfsmenn missa atvinnuna og lánardrottnar tapa fjármunum. Álag á starfsmenn og

eigendur getur verið geysilega mikið og jafnvel leitt til varanlegs heilsuskaða. Því skiptir miklu að ríkið grípi strax til aðgerða til að lágmarka skaðann, bæði fyrir einstaklingana og samfélagið. Enda ætti stuðningskerfi fyrirtækja í greiðsluörðugleikum að vera jafn mikilvægur þáttur í að byggja og viðhalda stöðugu atvinnulífi og sá stuðningur sem veittur er fyrirtækjum í upphafi rekstrar. Í þeim tilgangi er þessi tillaga flutt.